# Námskrá Hulduheima

Síðast uppfærð: 2014.

| Grunnþættir menntunar | Hlutverk kennarans | Læsi | Sjálfbærni | Lýðræði og mannréttindi | Jafnrétti | Heilbrigði og velferð | Sköpun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hópastarf | Virkja alla nemendur, fá það besta fram hjá öllum, grípa tækifærin, vera áhugasamur, vera vel undirbúinn, hafa áhuga á því efni sem unnið er með, endurmeta, leiðbeina, hafa upphaf og endi, vera sveigjanlegur og miðla upplýsingum til nemenda. | Skilningur nemenda á viðfangsefni, útskýra vel hvað á að gera, nýta sér tölvur, rit og bækur. Skráning kennara, nemendur skynja áhugasvið sitt og færni sem og annarra í hópnum. Vera læs á efnivið, kennarann og á félagana. | Kynnast umhverfinu, bera virðingu fyrir því, umferðareglur, nýta verðlaust efni, heimagerður leir, vinna og hugsa sjálfstætt, endurnýta, tenging við samfélagið, heimsóknir, vettvangsferðir. | Hópefli og samvinna, allir taki virkan þátt, gefa vinnufrið, allir hafa áhrif og bera ábyrgð, stundir sem eru við allra hæfi, tölvur hjálpa við tjáningu nemenda sem ekki nota orð. Hjálpa hvert öðru. | Allir eru góðir í einhverju sama hvar þeir eru staddir í þroska. Efniviður þarf að vera við allra hæfi. Jöfn tækifæri í leik og starfi. | Fjölbreytt hreyfing, styðja nemendur í samskiptum og skapa jákvæðan skólabrag. Skemmtilegt, mikil styrking félagslega, smærri hópar, æfa samstarf, hafa hlutverk, jafningjafræðsla. Göngum vel um áhöld leikskólans. Jákvæður andi ríkjandi. | Fjölbreyttar aðstæður til sköpunar s.s. tónlist, myndlist, könnun, sögugerð, ljóðagerð, hreyfing, dans. Leyfa sköpunargáfunni að njóta sín. Nemendur fá tækifæri til að skapa á eigin forsendum. |
| Útivist | Sinna nemendum, gæta öryggis, vettvangsferðir, útinám, nærsamfélag, umsjón, yfirsýn með öllum nemendum, vera til staðar fyrir nemendur, aðstoða en ekki gera fyrir. | Veðurlæsi, prófa, læra af reynslunni, í hvaða föt á að fara miðað við veður, kanna umhverfið, myndrænt skipulag, skilningur á umhverfinu. | Ganga vel um gróðurinn og náttúruna, leikefni úr náttúrunni, nemendur klæða sig sjálfir og nálgast viðfangsefni sjálf og læra að nýta hlutina. Nýta hugmyndir nemendanna. | Jöfn tækifæri til að leika með efnivið sem er úti, allir fái notið sín á eigin forsendum, leikefni við hæfi, virða leik annarra, deila með sér og leyfa öðrum að vera með. | Veita jafna athygli, vera vakandi fyrir kynjafræði og virða áhugasvið nemenda. Leiktæki og leikföng eru aðgengileg og nemendur læra að skiptast á. Hjóladagar eftir kynjum. | Nemendur njóta útiveru, einstaklingsþarfir virtar, hreyfing og ferskt loft. Hvetja til hreyfingar og útileikja þar sem reynir á hinar félagslegu hliðar. Hættulítil tæki/dót/svæði. | Njóta þess sem umhverfið hefur upp á að bjóða allt árið um kring. Sköpun með vatni, mold, möl, snjó, grjóti, áveitugerð. Bera virðingu fyrir gróðri en samt leika/skapa með honum. |
| Samverustund | Kynnast ólíkum menningarheimum, fjölbreytni, nemendur virkir þátttakendur, jöfn tækifæri til tjáningar, allir taki þátt, fræða, halda athygli og aga, grípa tækifærin, halda utan um hópinn, undirbúa sig. | Myndrænt, skilningur á ólíkri menningu, tónblær í lestri og tónlist, skynja þarfir hóps og takmarkanir, efla tilfinningalæsi, loðtöflur, söguteppi, söngspjöld, upplestur á sögum, ljóðum og kvæðum, menningararfurinn, allir taka þátt. | Jafningjafræðsla, nemendur æfast í því að sitja kyrr og hlusta og fara eftir fyrirmælum. Þeir kynnast umhverfismálum og mikilvægi þess að ganga vel um. Heimspekilegar umræður fara fram og nemendur tjá sínar skoðanir. | Umræður um heimsmálin, hjartans mál, jöfn tækifæri til tjáningar og skoðanaskipta. Ræða mannréttindi og virðingu, semjum saman umgengnisreglur og hegðunarreglur, skiptast á að velja sögur og lög. | Allir fá að taka þátt, velja og mynda sér skoðun, æfa framkomu. Allir fá tækifæri til að tjá sig. | Ræða hlutina, efla sjálfsmynd og sjálfstraust með þátttöku. Æfa og þjálfa samræður, notaleg stund og hláturinn lengir lífið. Ræða um tilfinningar og langanir okkar. Umræður um heilbrigði og hreinlæti. | Bjóða nemendum að semja ljóð, sögur, leikrit o.fl. Nýta hugmyndaflug þeirra, frumsaminn flutningur. Leikræn tjáning. Örva forvitni, ræða hið mögulega og ómögulega. |
| Matartími | Gott fordæmi, málörvun, sýna hugrekki, smakka, leyfa nemendum að ráða t.d. hvar sósan er sett, kenna borðsiði, ræða hollustu, snyrtilegheit, leggja snyrtilega á borð, bera virðingu fyrir matnum, leyfa nemendum að gera sjálfum. | Læra að skammta sér, læra af öðrum, hvenær er of mikið og hvenær er of lítið, þekkja mun á óþoli, matvendni eða öðrum vandkvæðum, tjá tilfinningar og langanir, leggja rétt á borð, smakka. Íslenskar hefðir, þorrablót og jólamatur. Matur og hefðir frá öðrum löndum. | Þekkja sitt magamál, hjálpa sér sjálfur, þekkja takmörk sín, vont að þurfa að henda mat, nýta vel, endurvinna, ræða um matinn og hvaðan kemur hann. | Skoðanafrelsi, bera virðingu fyrir matnum og matráðnum. Allir fá að borða og drekka, skiptast á að fá sér, röðin kemur að öllum. Hvetja til að smakka, þarf ekki að klára, sumir eru með ofnæmi, virða það. | Blanda saman áleggi/tegundum, allir hafa mismunandi smekk og það er allt í lagi að smakka eitthvað skrítið Sama aðhlynning/aðstoð við alla. Allir jafnir. | Matur þarf að vera hollur og fjölbreytilegur. Fræða um mat og hollustu, allir þurfa að borða til að lifa, læra hófsemi. Næring við allra hæfi, hreinlæti og kurteisi. | Matur á að vera fallegur. Hvetja til að prófa eða smakka. Nemendur skammta sér sjálfir og raða á sinn disk. Leyfa nemendum að fá ýmist hálfa eða heila brauðsneið eða skorna í þríhyrning. |
| Hvíld og slökun | Hjálpa og kenna nemendum að slaka á, sjá til þess að þeir fái hvíld, átta sig á mikilvægi slökunar og svefns. Upplýsa foreldra um svefnþarfir. | Hlusta á fjölbreyttar sögur og lesa góðar og skemmtilegar bækur. Hlusta á slakandi tónlist frá ýmsum löndum. | Nemendur læra að slaka og róa sig sjálf, læra að hlusta og jafnvel sofna ef það þarf. Nemendur þurfa að ná slökun á sínum eigin forsendum. | Allir fá hvíld eða slökun við sitt hæfi. Val um kodda, teppi, bangsa, og snuð. Það má hvíla sig í amstri dagsins og fá að fara aðeins afsíðis á rólegt svæði. | Allir fá hvíldarstund í einhverju formi og eiga sinn stað í hvíld og fá að vera í friði. | Allir nemendur þurfa að fá hvíld. Læra að slaka á í amstri dagsins. Hvíld er mikilvæg fyrir andlega vellíðan. | Nemendur skapa ró, virkja þarf áhuga á að hlusta á sögur og róandi tónlist. Ímyndunaraflið fer á flug við slökun. |
| Líkamleg umhirða | Kenna nemendum almennt hreinlæti og upplýsa þá um mikilvægi þess. Aðstoða við handþvott eftir klósettferðir, fyrir mat og þurrka sér um munn og andlit eftir matartíma. Vera góð fyrirmynd og kenna nemendum að bera virðingu fyrir líkama sínum. | Að auka skilning nemenda á mikilvægi hreinlætis. Nemendur læra líkamsheitin og og hugtök í tengslum við líkamlega umhirðu. Nýta speglana, erum við hrein eða skítug? | Nota hæfilegt magn af sápu og pappír. Efla tilfinninguna fyrir því hvenær er hreinlæti sérstaklega nauðsynlegt. Efla sjálfsbjargarviðleitni og leyfa nemendum að gera sjálfum með aðstoð kennara. | Öllum á að líða vel, klæðnaður við hæfi, fá að gera sjálfur, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Taka tillit til annarra og aðstoða við grunnþarfir. | Við erum öll ólík bæði líkamlega og andlega. Vinnum með kynjafræði, fjölmenningu og fötlunarfræði. Við þurfum tíma og næði til að athafna okkur og það ber að virða. | Aðstoða nemendur við að sinna daglegri, líkamlegri umhirðu. Þvottur eftir WC, útiveru og aðra vinnu. Efla jákvæða sjálfsmynd, hreinlæti er nauðsynlegt. | Nemendur fá að nota þvottastykki og þvo sér með vatni, kynnast eiginleikum vatns og sápu, gaman að skapa með sápu og vatni og það má alveg stundum. |
| Lífsleikni | Aðstoða nemendur við að verða sjálfbjarga einstaklingar, kenna aga, mun á réttu og röngu, hvað er samviska og nýta ART. Fyrst og fremst fyrirmynd, sýna jákvæðni og vinna verkin af öllu hjarta og heilum hug. | ART, efla nemendur í að greina og ræða um tilfinningar, lesa í hegðun og atgervi okkar sjálfra og annarra. | Byggja upp sjálfstæða einstaklinga, skapa sjálf efnivið til leikja, ræða umhverfismál, nýta efniviðið sem við finnum í umhverfinu. | Að öllum líði vel og séu öruggir í leikskólanum, fái að taka þátt í að móta reglur, borin sé virðing fyrir öllum og skoðunum þeirra. | Ræða um jafnrétti. ART kennsla sé í boði fyrir flesta eldri nemendur skólans. Samhugur og samleikur. | Ýta undir jákvæða sjálfsmynd og þjálfun sjálfsmyndar. Við erum öll ólík, virða það og vera meðvituð um það. | Kennsla á nánasta umhverfi. Vettvangsferðir til að auðga ímyndun og sjá eitthvað nýtt og spennandi. Grenndarkennsla. |
| Efniviður/umhverfi | Aðstoða nemendur við að kynnast mismunandi efnivið úr umhverfinu. Hafa sem fjölbreytilegastan efnivið og gott aðgengi að honum. Stuðla að því að umhverfið henti nemendum og þeirra vinnu. | Kynnast mismunandi áferð, plast, tré, heitt, kalt, gróft, fínt, mjúkt og slímugt. Gönguferðir, verða læs á umhverfi okkar, kynnast og upplifa ýmislegt. Átta okkur á hvenær efniviður hentar og hvenær ekki. | Kynnast endurvinnslu og hvað má endurnýta og hvað ekki og þá hvernig. Sýna sjálfsbjörg í leik og þjálfa getu til aðgerða. | Bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru, nýta pappír og verðlaust efni, förum sparlega með rafmagn og vatn. Sem flestir hafi jafnan aðgang að efnivið. | Nemendur kynnast fjölbreyttum efniviði óháð aldri, kyni eða kynþætti. Umhverfið ýtir undir jafnrétti, efniviður aðgengilegur og nemendur fá að njóta sín á eigin forsendum. | Þarf að vera öruggt, barnvænt, hreinlegt og heilsueflandi. Leikföng úr viðurkenndum efnum - skaðlaus. Hvað er rusl og hvað má endurnýta. | Nægur og fjölbreyttur efniviður, gott aðgengi, sköpunargleði leiðir til námsgleði. Skapa úr verðlausu og endurnýta. Virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleikana. Nemendur fá lausan taum við sköpunargleðina. |
| Leiktími/val | Bjóða upp á fjölbreytni hvað varðar leikefni og annan efnivið. Ýta undir að nemendur leiki sér í sjálfstæðum leik. Gefa góðan tíma og gott rými til leikja. | Þjálfa nemendur í hlustun og í hugtakaskilningi, efla hlutverkaleik og samskipti. | Kynnast tímamörkum, stoppa í ákveðinn tíma við það sem valið er í vali, varast að æða úr einu í annað. | Virða val annarra og varast að skemma fyrir öðrum. | Nægur tími til leikja, virða þarfir og skapa jöfn tækifæri til leikja. Viðfangsefni óháð kyni og aldri. | Leikföng í góðu ásigkomulagi og að kennarar séu til staðar. Efla sjálfstæði og virkja nemendur í að gera það sem þeim langar að gera. Andleg vellíðan, jákvæðni ríkjandi. Heilbrigð og uppbyggjandi samskipti. | Leikefni fjölbreytt, ýti undir sköpun og örvi ímyndunarafl. Nemendur læra í athöfn og uppgötva möguleikana í efniviðnum með því að leika sér á eigin forsendum. |
| **Heimspeki John Dewey** | Kennarinn skuldbindur sig til þess að auðga reynsluheim nemandans. Hann spyr opinna spurninga og leyfir nemendunum að undrast, efast og prófa aftur. Nemendur eru virkir og skapandi í eðli sínu. Þeir læra af reynslunni að þekkja getu sína og takmörk. Menntun felst í ferlinu en ekki í afurðinni. | | | | | | |
| | Maðurinn er hluti af heild og er jafn háður náttúrunni og hún honum. Skólinn er fyrir nemendurna en ekki nemendur fyrir skólann. Markmiðið er lýðræði þar sem allir geta verið virkir þátttakendur. | | | | | | |